

T I L L A G A

að starfsreglum um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíðóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Bryndís Malla Elíðóttir.

1. gr.

Ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni, kenningarnefnd, er biskupi og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum til ráðgjafar um mál er varðar kenningu og játningargrundvöll íslensku þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Kenningarnefndin skal fjalla um mál sem kirkjuleg stjórnvöld vísa til hennar um

- kenningargrundvöll evangelísk-lútherskrar kirkju, játningar og boðun,
- embætti evangelísk lútherskrar kirkju,
- handbók kirkjunnar, helgihald og trúarlíf,
- samkirkjuleg málefni.

3. gr.

Biskup Íslands er formaður kenningarnefndar. Aðrir nefndarmenn eru

- vígslubiskupar,
- prófessor í trúfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Varamann hans skal guðfræði- og trúarbragðafræðideild tilnefna úr hópi fastra kennara deildarinnar,
- einn tilnefndur af kirkjuþingi og annar til vara,
- einn tilnefndur af prestastefnu og annar til vara.

Kenningarnefnd kýs sér varaformann.

4. gr.

Þá nefndarmenn sem greinir í staflíðum b-d í 1. ml. 3. gr. skipar biskup til fjögurra ára, frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskosningar.

5. gr.

Biskup Íslands leggur kenningarnefnd til fundaraðstöðu og sér um alla þjónustu við nefndina, svo sem vörslu skjala hennar, fundaraðstöðu og gagnaöflun.

6. gr.

Kostnaður af störfum kenningarnefndar greiðist af kirkjustjórninni.

7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla brott starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið. Starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingum eru þar á meðal. Er því lögð fram tillaga að setningu nýrra starfsreglna um ráðgjafarnefndina. Tillögurnar eru samhljóða núgildandi starfsreglum að öðru leyti en því að felld er brott tilvísun til eldri þjóðkirkjulaga í 1. gr. Tillögurnar þarfnast því ekki nánari skýringa.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði af samþykkt þeirra.